

Fundur í Samvinnunefnd um málefni norðurslóða (SUMN)

haldinn að Borgum við Norðurslóð á Akureyri, föstudaginn 9. janúar 2012, kl. 10:00 til 13:00

Á fundinn mættu neðangreindir fulltrúar í Samvinnunefndinni:

- Þorsteinn Gunnarsson frá [Rannsóknamiðstöð Íslands/RANNÍS](#), formaður nefndarinnar
- Níels Einarsson frá [Stofnun Vilhjálms Stefánssonar](#)
- Anna Guðrún Þórhallsdóttir frá [Landbúnaðarháskóla Íslands](#)
- Helgi Jensson frá [Umhverfisstofnun](#)
- Eiríkur Stephensen frá RANNÍS

og

- Jónas Gunnar Allansson frá [utanríkisráðuneytinu](#)
- Atli Már Sigurðsson frá utanríkisráðuneytinu
- Jón Haukur Ingimundarson frá Stofnun Vilhjálms Stefánssonar
- Tom Barry frá [CAFF skrifstofunni](#)
- Ágúst Þór Árnason frá [Háskólanum á Akureyri](#)
- Embla Eir Oddsdóttir frá Stofnun Vilhjálms Stefánssonar
- Halldór Jóhannsson frá [Arctic Portal](#)
- Lára Ólafsdóttir frá Stofnun Vilhjálms Stefánssonar (fundarritari)

Forföll boðuðu Héðinn Valdimarsson frá [Hafrannsóknastofnun](#), Kristinn J. Albertsson frá [Náttúrufræðistofnun](#), Steingrímur Jónsson frá Háskólanum á Akureyri, Þóra Ellen Þórhallsdóttir frá [Háskóla Íslands](#) og Þórunn Pálsdóttir frá [Veðurstofu Íslands](#).

Til fundarins var boðað með eftirfarandi dagskrá:

1. Efst á baugi hjá stofnunum
2. Hlutverk samvinnunefndar
3. Norðurslóðadagur 2012 á Grænlandi
4. Vöktunarkerfi fyrir norðurslóðir (Sustaining Arctic Observing Networks (SAON))
5. Klasasamstarf um norðurslóðir
6. Önnur mál

Þorsteinn setti fundinn og bað þá sem ekki hafa áður setið SUMN fundi að kynna sig: Anna Guðrún Þórhallsdóttir fulltrúi í SUMN frá Landbúnaðarháskólanum hefur ekki komist á SUMN fund áður, Atli Már Sigurðsson sem er nýbyrjaður að vinna að norðurslóðamáli hjá utanríkisráðuneytinu og Halldór Jóhannsson frá Arctic Portal sem sinnt hefur málefnum norðurslóða um árabíl.

Fundargerð síðasta fundar, drögum að hlutverki SUMN og blaði með hugmyndum um norðurslóðadag á Grænlandi var dreift. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt. Lagt var til að **fundargerðir yrðu birtar á heimasíðu SVS**, alla vega þær sem ritaðar hafa verið eftir að Þorsteinn tók við formennsku og var vel tekið í það.

1. Efst á baugi hjá stofnunum

Níels Einarsson (Stofnun Vilhjálms Stefánssonar) nefndi þrjú verkefni sem bæru hæst. Fimmta IPCC ([Intergovernmental Panel on Climate Change](#)) skýrslan kemur út vorið 2014 og í forsvari fyrir heimskautakafla hennar eru Dr. Joan Nyman Larsen (SVS) og Dr. Oleg Anisimov. Veðurstofa Íslands mun koma að því verkefni. IPCC aðsetur verður við SVS. Unnið er að AHDR-II ([Arctic Human Development Report-II](#)) verkefninu sem hefur verið í kynningu erlendis, m.a í Kína, Bretlandi og víðar. Einnig er unnið að ASI-II ([Arctic Social Indicators](#)) verkefninu, sem er skýrsla með þróunarvísunum um samfélag á norðurslóðum. Jón Haukur Ingimundarson (SVS) skýrði frá fundi í Kanada og Alaska tengdum ASI-II sem hann sækir í febrúar. Níels benti á að heimamenn gætu nýtt sér þessi verkefni sem væri mjög jákvætt.

Helgi Jensson (Umhverfisstofnun) sagði það helst að fréttu að nú væri unnið að verkáætlun skv. úthlutun í fjárlögum fyrir 2012. Þar kæmi í ljós hver hlutur norðurslóðamálefna yrði í starfsemi stofnunarinnar.

Anna Guðrún Þórhallsdóttir (Landbúnaðarháskóla Íslands) taldi þrennt standa upp úr hjá þeim. Í fyrsta lagi aukning nemendafjölda við skólann. Í öðru lagi hefur [Landgræðsluskólinn](#) fengið formlega viðurkenningu sem Háskóli Sameinuðu þjóðanna. Í þriðja lagi er [Votlendissetur LBHI](#) að fara af stað og hefur Ragnhildur Sigurðardóttir vistfræðingur verið ráðin forstöðumaður þess. Hvanneyri og jarðir í kring hafa verið viðurkenndar sem nýtt [RAMSAR](#) svæði á Íslandi.

Eiríkur Stephensen (RANNÍS) sagði að lokið væri úthlutun styrkja fyrir verkefni sem hefjast árið 2012. U.þ.b. 15% verkefna sem fá úthlutun frá RANNÍS í ár tengjast norðurslóðum á einhvern hátt.

Tom Barry frá CAFF skrifstofnunni sagði frá vinnusmiðju landmælingastofnana sem hefði nýlega verið haldin á Akureyri. Verið væri að vinna að heimildarmynd um breytingar á lífríki á norðurheimskautinu og verið væri að taka upp viðtöl og annað á Íslandi þessa dagana. Myndin verður vonandi sýnd á RÚV í haust. Þetta er hluti af Arctic Biodiversity Assessment verkefninu. Nokkur umræða skapaðist um þetta verkefni.

Jónas Gunnar Allansson frá utanríkisráðuneytinu rifjaði upp þ.s. áður var sagt var vinnu við samning um varnir gegn olíumengun en sú vinna heldur áfram. Eftir síðasta SUMN fund fór utanríkisráðherra til Rússlands þar sem áhersla var lögð á norðurslóðamál og m.a. gengið frá sameiginlegri yfirlýsingu um aukið norðurslóðasamstarf, m.a. í vísindum og siglingum.

Af Norðurskautsráðinu ([Arctic Council](#)) er það að fréttu að unnið er að stofnun fastaskrifstofu í Tromsø. Þar verða sex til sjö áhugaverðar stöður fyrir nemendur og vísindamenn. Líklega verður auglýst eftir forstjóra í vor og starfsemi hefst 2013. Í vor verður haldinn ráðuneytisstjórafundur í Stokkhólmi. Málefni áheyrnarfulltrúa að Norðurskautsráðinu verða þar m.a. til umræðu, en nokkur ríki og alþjóðasamtök hafa sótt um að fá áheyrnarfulltrúa að ráðinu.

Nýr SAO fulltrúi (Senior Arctic Official hjá Arctic Council) Íslands er Hjálmar W. Hannesson, sendiherra með mikla reynslu. Nýr starfsmaður norðurslóðamála hjá utanríkisráðuneytinu er Atli Már Sigurðsson, sem situr nú SUMN fund í fyrsta skipti.

Varðandi samstarf við Norðmenn (sjá síðustu fundargerð) nefndi Jónas að svokölluð Nansen prófessorsstaða yrði vonandi auglýst fljótlega og að stúdentaskiptin komist vonandi í gang sem fyrst. Þá lagði hann áherslu á mikilvægi væntanlegs verkefnasjóðs sem mun aðallega styðja við ferðakostnað í tengslum við rannsóknasamstarf og undirbúning þess.

Halldór Jóhannsson frá Arctic Portal sagði frá starfsemi Arctic Portal en starfsmenn þar eru 12 og fer fjölgandi. Arctic Portal hefur unnið mikið með aðilum Norðurskautsráðsins, m.a. CAFF, PAME og [Institute of the North](#) í Alaska, haft samvinnu um siglinga- og auðlindamál, komið að [Vistey](#) sem er upplýsingagátt um vistkerfi sjávar í Eyjafirði og framhald af vöktunarverkefni. Þá nefndi hann Háskóla norðurslóða og vinnufund honum tengdur sem er á Akureyri þessa viku og fjarkennsluútgáfu (Virtual Learning Tool) sem Arctic Portal vinnur að.

Viljayfirlýsing hefur verið undirrituð varðandi kínverska útgáfu Arctic Portal, svokölluð þriggja póla útgáfa þar sem Antarktika, norðurheimskautið og Himalaya fjallgarðurinn eru tekin með.

Arctic Portal tekur þátt í stóru Evrópuverkefni sem nefnt er [PAGE21](#) (Changing Permafrost in the Arctic and its Global Effects in the 21st Century), verkefni um sífrera o.fl. þar sem þau sjá um gagna- og kynningarþáttinn.

Að lokum nefndi Halldór mikilvægt verkefni sem getur opnað mörgum nýjar dyr, nefnt EU Arctic Information Center (As a network of European actors with extensive activities in, and knowledge of, the Arctic - sjá bækling) og hefur fengið styrk frá ESB. Hlutverk Arctic Portal í þessu verkefni snýr að upplýsingamiðlun.

Ágúst Þór Árnason (Háskólinn á Akureyri) mætti í stað Steingríms. Hann ræddi um stöðu náms í heimskautarétti (Polar Law) við Háskólann á Akureyri. Vegna niðurskurðar verða ekki teknir inn nemendur haustið 2012, en stefnt er að því að taka inn nýjan hóp haustið 2013.

2. Hlutverk samvinnunefndar

Jón Haukur og Þorsteinn tóku saman drög að hlutverki SUMN, sem var dreift til fundarmanna. Drögin voru gerð í október 2011 með hliðsjón af lögum um SVS, en ekki reyndist tími á síðasta fundi að ræða þau. Þorsteinn fór yfir tillögurnar og taldi þær metnaðarfullar. Hann benti á að engin fjárframlög fylgdu störfum nefndarinnar, að hún væri hvatning til SVS og þeirra stofnana sem ættu fulltrúa í SUMN.

Í umræðum kom fram að SUMN hafi verið misvirk og virknin mikið farið eftir formönnum hennar. Bent var á að í athugasemdum við frumvarpið stæði að SUMN ætti m.a. að vera ráðherra til ráðgjafar og að gott væri að rýna í athugasemdir sem gerðar voru við frumvarp til laga um SVS og SUMN. Fram kom sú skoðun að annmarkar væru á því að nefndin yrði mikið ráðgefandi þar eð þarfir/skoðanir stofnana og SUMN færu ekki endilega saman. Einnig var bent á að mikið hafi breyst í norðurslóðamálum frá lagasetningunni 1997. Til dæmis væri í frumvarpinu hvorki talað um aðkomu utanríkismálaráðuneytis né umhverfisráðuneytis að nefndinni en norðurslóðamálefni væri vaxandi þáttur í starfi beggja þessara ráðuneyta. Styrkur nefndarinnar fælist í samráði og samvinnu, ekki í því að gefa út úrskurði/stefnu. Töluverð umræða var um málið.

Samþykkt var að fela Þorsteini, Helga og Jóni Hauki að skoða drögin í ljósi umræðna og leggja endurskoðuð drög fyrir næsta fund.

3. Norðurslóðadagur 2012 á Grænlandi

Jón Haukur fór yfir tillögur um Norðurslóðadag í Nuuk á Grænlandi í september 2012, í framhaldi af Norðurslóðadeginum sem SUMN stóð fyrir í Norræna húsinu 2010. Búið væri að hafa samband við tvo hugsanlega samstarfsaðila á Grænlandi.

Í umræðum var nefnt að í framhaldi af heimsókn Kuupik Kleist, formanns landsstjórnar Grænlands á síðasta ári, hefði utanríkisráðuneytið verið að huga að svipuðum viðburði. Það væri því upplagt að gera þetta í samstarfi við stofnanir og stjórnarsýslu á Íslandi. Bent var á að bæði Háskólinn á Akureyri og Háskólinn í Nuuk ættu 25 ára afmæli á árinu og að talað hefði verið um sameiginlegar ráðstefnur af því tilefni. Ítrekað var að nákvæm áhersla yrði sett á þá viðburði sem yrðu á dagskrá og talað var fyrir að sameinast sem mest um Norðurslóðadaginn og aðra viðburði.

Rætt var um hvort eingöngu væri verið að tala um grænlenkar og íslenskar stofnanir/rannsóknir í þessu samhengi. Það kæmi væntanlega í ljós í undirbúningsferlinu. Rauði þráðurinn ætti að vera samstarf um þver- og fjölfaglegar rannsóknir. Þetta ætti að vera stuðningur við vaxandi vísindastarf innan háskólanna sem og annars staðar.

Bent var á nauðsyn þess að halda Norðurslóðadaginn á Íslandi líka, hann hafi vakið mikla athygli og málefnið nyti vaxandi vinsælda.

Undirbúningshópnum sem skipaður var á síðasta fundi (Jón Haukur (sem stýrir vinnunni), Jónas, Níels og Þóra Ellen) var falið að halda undirbúningi áfram.

4. Vöktunarkerfi fyrir norðurslóðir (Sustaining Arctic Observing Networks (SAON))

SAON starfar á vegum Norðurskautsráðsins. Þorsteinn sagði að undirbúningur hefði staðið síðan 2007 og hingað til hafi Halldór Jóhannsson verið fulltrúi Íslands í undirbúningsnefnd. Þorsteinn mun nú taka sæti hans.

Tilgangur þessa SAON samstarfs er að efla og styðja uppbyggingu á samræmdum og alþjóðlegum vöktunar- og upplýsingakerfum sem ná til alls Norðurskautssvæðisins. Vöktunarkerfi þessi þjóni samfélagslegum þörfum, sérstaklega tengdum umhverfislegum, félagslegum, hagrænum og menningarlegum þáttum. Í SAON samstarfinu er lögð áhersla á að komið verði á fót vel skilgreindum vöktunarkerfum sem geri notendum kleift að hafa opinn aðgang að ókeypis hágæða upplýsingum sem komi að gagni bæði á norðurskautssvæðinu og á heimsvísu. Markmið SAON er að auðvelda vöktun á öllu norðurskautssvæðinu með því að greiða fyrir samvinnu milli núverandi vöktunar- og upplýsingakerfa og leggja áherslu á miðlun og úrvinnslu gagna og upplýsinga. Í SAON samstarfinu er einnig lögð áhersla á að auðvelda frumbyggjum á norðurslóðum þátttöku í vöktunarverkefnum.

Halldór kynnti starfsemi SAON og benti á heimasíðu SAON (www.arcticobserving.org) sem vistuð er hjá Arctic

Portal. Búið er að gefa út skýrslu um vöktunarkerfi hjá stofnunum á Íslandi, Inventory on Monitoring Networks. Vakin var athygli á því að SAON hefur ekki fjármagn til rannsókn- og vöktunarverkefna. Þorsteinn minnti á að SUMN væri jafnframt landsnefnd fyrir SAON og þyrfti því að ræða þetta umfangsmikla verkefni enn frekar.

5. Klasasamstarf um norðurslóðir

Embla Eir Oddsdóttir lýsti forsögu klasasamstarfs um norðurslóðir (Icelandic Arctic Cooperation Network) . Nú hafa verið stofnuð formleg samtök um málið og fengnir styrkir (fjármagn og vinnuframlag). Í undirbúningstjórn með Emblu og Tom eru Soffía Guðmundsdóttir hjá PAME, Halldór Jóhannsson hjá Arctic Portal og Guðrún Rósa Þorsteinsdóttir hjá RHA, Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri (Hjalti Jóhannsson í hennar fjarveru árið 2012). Ætlunin er að fá til liðs við samtökin sem fjölbreyttastan hóp stofnana/fræðasetra/einstaklinga sem áhuga hafa á hvers kyns norðurslóðamálum. Aðilar að samtökunum eru í dag: Arctic Portal, CAFF, PAME, Háskólinn á Akureyri, Heimskautréttardeild HA (Polar Law), RHA, Rannsóknamiðstöð ferðamála , RANNÍS og Rannsóknþing norðursins (NRF) og Stofnun Vilhjálms Stefánssonar. Þau vonast til að fá fleiri til liðs við samtökin.

Embla fór síðan í gegnum vinnuþagg um klasasamstarfið sem unnið er að. Framtíðarsýnin er að styðja við það góða starf sem fram fer hjá stofnunum og öðrum sem að norðurslóðaverkefnum koma eða hafa áhuga á þeim, auka sýnileika þeirra og skilning á starfsemi þeirra. Heimasíða í þessum tilgangi er meira og minna tilbúin og merki samtakanna hefur verið teiknað. Nauðsynlegt yrði að ráða starfsmenn í a.m.k. 1,5 stöðu, jafnvel nema í starfsnámi (*internship*) í hálfu stöðu. Embla fór yfir frumdrög að fjárhagsáætlun upp á u.þ.b. 15 milljónir á ári.

Í umræðum kom fram að hugmyndin væri góð en skilgreina mætti betur hverjir geta haft gagn af klasasamstarfinu. Lykilatriði væri að uppfæra upplýsingar á vefsíðunni jafnt og þétt, halda henni virkri. Fram komu athugasemdir við heiti verkefnisins, í stað *cooperation* ætti að koma *information*. Samstarfsþátturinn væri til staðar, t.d. í starfi SUMN, en upplýsingaþátturinn vantaði. Mikilvægt væri að þetta væri verkefni á landsvísu, ekki bara tengt Akureyri eða Eyjafjarðarsvæðinu.

Hægt væri að hugsa sé að þetta klasasamstarfsverkefni seldi einhverja þjónustu til að styðja rekstur verkefnisins.

Þorsteinn taldi SUMN jákvæða í garð verkefnisins og þakkaði Emblu kynninguna.

6. Önnur mál

Fram kom að Arctic Portal verður með kynningu á IPY í Montreal í apríl. Bæði RANNÍS og utanríkisráðuneytið munu senda fulltrúa þangað. Talið var æskilegt að hafa samvinnu um kynningar þar og yrði það rætt nánar á næsta fundi.

Næsti fundur SUMN var ákveðinn miðvikudaginn 14. mars 2012 kl. 10:00 og verður hann haldinn í utanríkisráðuneytinu í Reykjavík.

Fundi slitið kl. 13:00
